

Ofvirkur skjaldkirtill

Upplýsingar um lyfjameðferð

Þetta fræðsluefni er ætlað sjúklingum sem eru með ofvirkan skjaldkirtill og fá meðferð með lyfjunum carbimazole, thiamazole eða propylthiouracil. Þessi lyf draga úr framleiðslu hormóna sem skjaldkirtill framleiðir.

Yfirleitt byrja lyfin að virka eftir 2-4 vikur og þá ættu líðan og niðurstöður blóðsýna að fara batnandi.

Aukaverkanir

Lyfin eru tiltölulega örugg. Aukaverkanir eru sjaldgæfar en geta komið fram, oftast á fyrstu tveimur mánuðum meðferðar.

Ofnæmisviðbrögð

- Vart getur orðið við útbrot, með eða án kláða, sem hverfa oft af sjálfu sér á nokkrum dögum. Ef það gerist ekki er líklegt að hætta þurfi töku lyfsins.
- Komið getur fram brátt ofnæmi sem lýsir sér sem ofsabjúgur eða erfiðleikar við öndun.

Fækkun hvítra blóðkorna

Í einstaka tilvikum, eða hjá um það bil einum af hverjum 1000 sjúklingum, geta þessi lyf hindrað framleiðslu blóðkorna í blóðmerg.

- Oftast fækkar hvítum blóðkornum en það eykur mjög hættu á sýkingum.
- Mjög sjaldgæf aukaverkun er fækkun blóðflagna. Það eykur hættu á blæðingum, til að mynda marblettum, við lítinn eða engan áverka.

Sjúkdómar í lifur

Sjaldgæf aukaverkun er truflun á starfsemi lifrar:

- Propylthiouracil getur einstaka sinnum valdið lifrabólgu.
- Carbimazol getur valdið gallstíflu. Einkenni hennar geta verið gul húð, gul augu eða mjög dökkt þvag.

Aðrar aukaverkanir

Eftirtaldar aukaverkanir eru oft tímabundnar en kalla ekki endilega á endurskoðun á meðferð:

- Lystarleysi eða ógleði
- Kviðverkir
- Höfuðverkur
- Líðverkir eða liðbólгур
- Minnkað bragðskyn eða málmbragð
- Vöðvaverkir

Leita þarf til lækna göngudeildar innkirtla og efnaskipta eða á heilsugæslustöð ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Útbrot eða kláði
- Ef marblettir myndast á húð án tilefnis eða þeir eru útbreiddir

Hætta á töku lyfs og leita strax á bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Ofnæmisviðbrögð sem lýsa sér með ofsabjúg eða erfiðleikum við öndun
- Mikil sárindi í hálsi eða hálsbólga með hita og slappleika. Á bráðamóttöku verður tekið blóðsýni til að skoða fjölda hvítra blóðkorna
- Gul húð, gula í augum eða mjög dökkt þvag

Í neyðartilfellum er hringt í 112
Hafa á þetta blað meðferðis á bráðamóttöku

Símanúmer og opnunartími

Göngudeild innkirtla og efnaskipta er opin virka daga milli klukkan 08:00 og 16:00, sími 543 1000. Einnig er hægt að hafa samband við göngudeildina í gegnum Heilsuveru.